



DALSKÓLI
HAMINGJAN ER FERÐALAG

Valbæklingur 2020-2021

Efnisyfirlit

Acrýlmálun og listfræðsla, 8. - 10. bekkur	3
Boltaval, 8. - 10. bekkur	3
Enska og kvikmyndir, 8. - 10. bekkur	3
Fatahönnun, 8. - 10. bekkur	3
Heimilisfræði, 8. - 10. bekkur	4
Upptökur, hljóðsetningar, tónsmíðar og tölvutengd tónlistarvinna ,8 – 10. b.....	4
Forritun, 8. – 10. bekkur	4
Jóga – hugleiðsla, 8. - 10. bekkur	5
Leikskólaval - frístundaval, 8. - 10. bekkur	5
Líkamsrækt/Skólahreysti, 8. - 10. bekkur	5
Nýsköpun - ferlið frá hugmynd til framkvæmdar, 8. - 10. bekkur.....	6
Næringarfræði og hreyfing, 8. - 10. bekkur	6
Prjónaval, 8. - 10. bekkur	7
Rafmagnssmiðja, 8. - 10. bekkur	7
Skartgripagerð, 8. - 10. bekkur.....	7
Skák og spil, 8. - 10. bekkur.....	8
Skrekkur, 8. - 10. bekkur	8
Smíðafjör, 8. - 10. bekkur.....	8
Spænska fyrir byrjendur, 8. - 10. bekkur	9
Söngnámskeið með hljóðnema, 8. - 10. bekkur	9
Útivist og sport, 8. - 10. bekkur	9
Vöruhönnun – smíði og fablab, 8. - 10. bekkur	10
Leirlist, 8. - 10. bekkur.....	10
Danska, tungumálið – menning – þjóðin - landafræðin– 9. og 10. bekkur.....	11
Fornám ökunáms – 10. bekkur.....	11
Franska fyrir byrjendur – 9. og 10. bekkur	12
Heimspeki– 9. og 10. bekkur	12

Íslenskt táknmál – 9. og 10. bekkur.....	13
Sálfræði– 9. og 10. bekkur	13
Kynjafræði og mannréttindi – 9. og 10. bekkur.....	14
Snóker– 9. og 10. bekkur	14
Listnám – Borgarholtsskóli – 9. og 10. bekkur.....	15
Málmsmíði– Borgarholtsskóli – 9. og 10. bekkur.....	16
Valgreinar í 8. – 10. bekk.....	19

Acrýlmálun og listfræðsla, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur vinni með málverkið, gerir tilraunir og æfingar með acryl litum og byggi upp myndverk. Kynnist atvinnugreininni sjónlistir, heimsæki listasafn og tengi reynsluna listasögunni. Farið verður á málverkasýningu.

Efnispættir: Unnið verður aðallega með málningu, eins með teikningu og skissur

Námsmat: Nemendur þurfa að sýna frumkvæði og virkni í tímum og fá einkunn og umsögn sem tengist virkni, leikni og frammistöðu í tímum.

Boltaval, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Auka færni nemenda í boltaíþróttum.

Efnispættir:

Lögð áhersla á knattspyrnu, handbolta og körfubolta í bland við aðrar boltaíþróttir.

Fjölbreyttar æfingar og keppnisform. Allir tímar eru verklegir og fara þeir fram í Íþróttahúsi Fylkis.

Námsmat: byggist á ástundun og frammistöðu í tímum.

Enska og kvikmyndir, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að kynna nemendum enskar kvikmyndir með það að markmiði að auka orðaforða og skilning nemenda.

Efnistöð: Valdar verða enskar kvikmyndir sem horft verður á og unnið með á fjölbreyttan hátt.

Námsmat: Nemendur fá einkunn og umsögn fyrir þátttöku, verkefni og frammistöðu.

Fatahönnun, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur hanni og vinni textíilverkefni eftir eigin getu og áhuga.

Efnispættir: Hugað verður að margvíslegum möguleikum í textílhönnun. Kenndur verður vélsaumur, sníðavinna, þrykk og aðrar hefðbundnar aðferðir í textíl. Lögð verður áhersla á vandvirkni, sjálfstæð vinnubrögð og hönnun.

Námsmat: Nemendur fá einkunn og umsögn um frammistöðu í tímum og verkefni.

Heimilisfræði, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir

Markmið: Nemendur þjálfist í matargerð og bakstri. Að nemendur fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan mat.

Efnisþættir: Kennslan er að mestu verkleg. Bóklegir þættir er viðkoma næringarfræði, heilsufræði, meðhöndlun matvæla o.s.frv. fara fram munnlega meðan verkleg kennsla fer fram. Nemendur kynnast einnig framandi matarmenningu

Námsmat: Byggist á ástundun, frammistöðu í tímum og verklegu prófi.

Upptökur, hljóðsetningar, tónsmíðar og tölvutengd tónlistarvinna ,8 – 10. b

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir Kennslutími: Fyrir jól Kennari: Ásbjörg Jónsdóttir MA í tónsmíðum.

Markmið: Að nemendur þjálfist í að semja, endurvinna og hljóðsetja tónlist með tölvutækni og upptökutækni. Að nemendur setji saman eigin tónskrár og miðli hugmyndum og stefjum.

Efnistöð: Í samvinnu við tónskáld með þekkingu á upptökum og rafvinnu í tónlist fá nemendur tækifæri til þess að kynnast heimi tónskálda og tónsmíða, hljóðsetjara og kvikmyndatónskálda.

Námsmat: Metin verður virkni í tímum, samvinnuhæfni og almenn frammistaða

Forritun, 8. – 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur kynnist grunn atriðum forritunar

Lýsing: Nemendur fá kennslu og innsýn í möguleika tækninnar á skemmtilegan og áhugaverðan máta. Kennslan byggir á kennslu í grunnatriðum forritunar og nemendum reynt að koma á móts við áhuga nemenda. Ekki er gert ráð fyrir að nýir nemendur hafi þekkingu á forritun og leggur áherslu á að nemendur læri í gegnum framkvæmd og fikt.

Námsmat: Metin verður virkni í tímum, samvinnuhæfni og almenn frammistaða

Jóga – hugleiðsla, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur kynnast hugmyndum jógafræðanna og öðlast færni í öndun og grunnjógastöðum og slökun í lok hvers tíma. Markmið er að nemendur geti nýtt sér aðferðir jóga í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, svefn, athygli, einbeitingu, hamingju og gleði.

Efnis- og námsþættir: Kynning á jóga, og verður aðaláhersla á fjölbreyttar jógaæfingar auk hugleiðslu og slökunar. Læri að slaka á og róa hugann.

Námsmat: Símat á áhuga og virkni í tímum.

Leikskólaval - frístundaval, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur kynnist starfsháttum á leikskóla og í frístund, vinni með börnum, taki þátt í ummönnun leikskólabarna og komi að hópastarfi frístundabarna. Einnig munu nemendur vinna að hluta í samstarfsverkefnum 5 ára og 1. bekkjar barna.

Efnisþættir: Nemendur koma á leikskóladeildir og í frístundastarf einu sinni í viku undir leiðsögn leikskólakennara og frístundastarfsmanna.

Námsmat: Viðhorf og áhugi, frammistaða og kynning.

Líkamsrækt/Skólahreysti, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Undirbúa nemendur fyrir keppni í skólahreysti og auka líkamlegt hreysti.

Efnisþættir: Tímarnir eru að mestu leyti verklegir í íþróttahúsi Fylkis. Einnig verður farið í vettvangsferðir í skólahreystibrautir, líkamsræktarstöðvar, keppt við aðra skóla og innanskólakeppnir. Farið verður yfir keppnisgreinar Skólahreysti og nemendur undirbúnir fyrir keppni. Ýmsar íþróttamælingar, æfingar sem efla þol, kraft og snerpu, einhver ný hreyfireynsla. Lagt er upp með að hafa tímana fjölbreytta og skemmtilega.

Námsmat: Byggist á ástundun, frammistöðu í tímum og vettvangsferðum.

Nýsköpun - ferlið frá hugmynd til framkvæmdar, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur þjálfist í að koma fram með hugmyndir sínar og vinna þær til enda.

Efnispættir: Nýsköpunarmennt á að fá nemendur til að hugsa út fyrir kassann. Vera óhrædd að koma fram með hugmyndir, breyta og bæta að vild þar til rétta afurðin verður til. Unnin verða ýmis verkefni lítil og stór og horft á fræðslufni áður en farið er í hið stóra verkefni að koma sinni eigin hugmynd í framkvæmd. Vettvangsheimsóknir fyrirhugaðar í ýmis frumkvöðlafyrirtæki og e.t.v. fablab, HÍ, HR og framhaldsskóla sem eru að kenna e-ð tengt nýsköpunarmennt.

Námsmat: Byggist á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnaskilum og kynningu á lokaverkefni.

Næringarfræði og hreyfing, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur kynnist mismunandi þjálfunaraðferðum og fjölbreyttum íþróttagreinum. Læri um mikilvægi heilbrigðs lífnis, fræðist um og framreiði/eldi einfalt og hollt fæði. Þau kynnist þáttum sem stuðla að heilsusamlegu lífni. Nemendur læri að gera þjálfunaráætlanir.

Efnispættir: Nemendur læra hversu mikilvæg heilsusamleg hreyfing er. Nemendur læra að skipuleggja þjálfun sína. Þeir læra um upphitun, þol, kraft, þolkraft og sprengikraft, teygjur og liðleika. Ennfremur læra þeir um líkamsbeitingu, streitu, lifnaðarhætti og heilsusamlega næringu. Verklegir og bóklegir tímar.

Námsmat: Byggist á ástundun og frammistöðu í tímum.

Prjónaval, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur fái grunnþjálfun í prjóni. Læri að teikna og útfæra eigin mynstur og kunni að lesa prjónauppskriftir á íslensku og prjóna eftir þeim. Mikilvægt er að nemendur séu tilbúnir til að taka þátt í umræðum og ræðst umræðuefnið af áhuga hópsins. Að nemendur læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að geta prjónað og geti prjónað og horft á kvikmynd á sama tíma.

Efnis- og námsþættir: Nemendur ráða hvaða verkefni þeir gera í samráði við kennara. Erfiðleikastig og stærðargráða verkefna fer eftir færni og áhuga nemandans. Ætlast er til að nemandi eigi frumkvæði að verkefnum, geti unnið sjálfstætt, sýni verkefnum sínum áhuga og takist á við hvert þeirra af metnaði. Fjöldi verkefna fer eftir hverjum og einum nemanda en nemandi þarf að lágmarki að ljúka einni afurð.

Námsmat: Símat. Horft er til sjálfstæðra vinnubragða og frágangi á þeim verkefnum sem unnin eru. Nemendur gætu þurft að prjóna heima.

Rafmagnssmiðja, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri að tengja kló á raftæki sem og ljósastæði. Læri hvað er jörð í tengingu og hvað ekki. Að nemendur læri að teikna vinnuteikningu og vinna eftir henni.

Efnis- og námsþættir: Farið verður yfir tengingar með kló og perustykki. Farið verður yfir hvað rafmagn er og hvernig það er komið til okkar. Kynning á því með mynd sem skoðuð verður í kennslustund og frá síðum.

Námsmat: Lokamat

Skartgripagerð, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri að hanna og vinna skartgripi úr málm (copar og messing), og búa til sitt eigið perluskraut með Ice Resin.

Nemendur geti valið réttar aðferðir, efni og verkfæri og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra í skartgripagerð úr málm og Ice Resin.

geti útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp vinnuteikningu.

Námsmat: Mat á verkum nemandans, ástundun og frammistaða í tímum.

Skák og spil, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur fái að kynnast undirstöðum í Skák og Bridge. Einnig verður farið í Félagsvist sem er undirstöðuatriði í Bridge íþróttinni og kynnt verða borðspil sem reyna á gagnrýna hugsun.

Efnisþættir: Fyrri hluti kennslustundarinnar fer í kennslu og seinni hluti í spil. Nemendur fái að læra mismunandi aðferðafræði og keppnisform í greinunum.

Námsmat: Ástundun og frammistöðu í tímum

Skrekkur, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Nemendur kynnist leiklistinni og læri leiklistaræfingar. Markmiðið er að nemendur semji sjálfir, æfa atriði og taki þátt í Skrekk sem fer fram í nóvember. Nemendur þurfa að reikna með aukaæfingum og sjálfstæðri skapandi hópavinnu, því Skrekkur er fyrst og fremst eigið sameiginlega framlag nemenda.

Efnisþættir: Handritagerð, raddbeiting, líkamsbeiting, persónusköpun og túlkun.

Námsmat: Viðhorf, áhugi og þátttaka auk frammistöðu í tímum og lokaafurð.

Nemendur verða að reikna með tíma umfram tvær kennslustundir á viku, en að loknum Skrekk verður valinu lokið.

Smíðafjör, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemandi geti valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra. Geti útskýrt hugmyndir sínar og fríhendis- og grunnteikningu. Geti framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töpun og skrúfur. Og geti unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.

Efnistöð: Unnið með furu, krossvið, mdf, ljósrit og/eða myndir nemenda. Veraldarvefurinn og uppflettibækur nýttar.

Kennsluáferðir: Bein kennsla, hugmyndavinna, sköpun, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsmat: Virkni í tímum, mat á verkefnum.

Spænska fyrir byrjendur, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri helstu framburðarreglur og tileinki sér þær, skilji einfaldan texta og léttar samræður, geti tjáð sig munnlega og skriflega um daglegt líf, kynnist landafræði, menningu og lifnaðarháttum á Spáni og í Suður- og Mið-Ameríku

Námsmat: Símat þar sem tekið er mið af verkefnavinnu, vinnu í tímum, vinnubók og könnunum

Söngnámskeið með hljóðnema, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur æfist í hljóðnemasöng, ýmsir söngstílar þjálfaðir, þjálfri röddina og læri á hana sem hljóðfæri.

Efnistöð: Unnið verður með ýmis lög, þau æfð og flutt. Áhersla á að fá að reyna sig við mismunandi söngstíla.

Námsmat: Umsögn verður gefin þar sem horft verður til virkni í tímum, samvinnuhæfni og almennrar frammistöðu.

Útivist og sport, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Sex vettvangsferðir

Markmið: Leyfa nemendum að kynnast fjölbreyttum vetraríþróttum og útivist í nærumhverfi Reykjavíkur.

Efnispættir: Kynning á hinum ýmsu vetraríþróttum í bland við útivistarferðir. Farið verður í skíða-/brettaferð, skautuferð og hokkýferð. Fjallgöngur og gönguferðir í nágrenni Reykjavíkur. Ekki verða fastir tímar í stundatöflu heldur verða farnar 6 vettvangsferðir yfir önnina.

Námsmat: Byggist á ástundun og frammistöðu í tímum ásamt skýrslu um ferðirnar. Kennari í skólanum heldur utan um námskeiðið en við munum hitta spurningalið og spurningaþjálfara í öðrum skóla.

Vöruhönnun – smíði og fablab, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að útbúa smíðisgrip í eftir hugmyndum nemenda í tré annars vegar og hins vegar í fjölbreyttan efnivið.

Náms- og kennslugögn: Timbur, plexíglar, MDF, leir, plast og önnur gögn í smíðastofu.

Efnispættir: Farið verður í hugmynda vinnu til að byrja með og svo hafist handa við smíðisgrip. Samhliða er unnið í fablab í Breiðholti við hönnun eigin verka.

Námsmat: Nemendur fá einkunn og umsögn um frammistöðu í tímum og um verkin sjálf.

Leirlist, 8. - 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að efla hugmynda- og sköpunarflæði nemenda ásamt því að þeir æfi með sér verklega færni. Nemendur fræðast um eiginleika og meðhöndlun á því efni sem unnið er með í leirmótun. Farið verður í grunnaðferðir leirmótunar og vinna nemendur að verkum þar sem þeir prófa þessar aðferðir. Í lokaverkefni velja nemendur sér leirmótunaraðferð sem þeir vinna verkið sitt með.

Náms- og kennslugögn: Steinleir, áhöld til leirmótunar, glerungur, penslar, brennsluofn, rennibekkur, ljósritað efni frá kennara.

Efnispættir: Unnið að hugmynda og skissuvinnu, leirmótun, meðhöndlun leirlitar og glerungs.

Námsmat: Námsmatið byggist á hugmyndavinna, virkni, frammistöðu og áhuga.

Danska, tungumálið – menning – þjóðin - landafræðin– 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri meiri og betri dönsku, læri landafræði Danmerkur, sögu þjóðarinnar og kynnist fjölbreyttri menningu Dana. Það er eftirsóknarvert að fara til framhaldsnáms til Danmerkur og ef maður tekur slíka ákvörðun er gott að hafa þekkingargrunn að byggja á. Markmið áfangans er líka að læra að grúska og læra að ferðast. Til þess að hafa gott gagn af ferðalögum og auka þannig við almenna þekkingu sína þá er nauðsynlegt að læra að temja sér grunnvinnu áður en að ferðalagi kemur. Það kemur alveg til mála að stofna til samstarfs við kennara og nemendur í dönskum skóla. Ef það kemur til að farið verði í ferð til Danmerkur og tekið á móti Dönum þá þurfum við að læra að vera góðir gestir og góðir gestgjafar. Það þurfa að vera að lágmarki 10 þátttakendur í þessum valáfanga til að af honum verði og nemendur þurfa að tilbúnir að leggja á sig vinnu og temja sér fróðleiksfýsn.

Námsmat: Námsmat byggir á símati fyrir vinnusemi og fjölbreytt verkefni.

Fornám ökunáms – 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að gera tilvonandi ökumenn hæfari í ökunám þegar þar að kemur, hæfari að meðtaka það sem þar er kennt, hæfari ökumenn. Unnið með viðhorfsmótun gagnvart ölvunarakstri og gagnvart hraðakstri

Lýsing: Miðað að því að undirbúa nemendur undir ökupróf

Námsgögn: Bókin „Akstur og umferð“ eftir Arnald Árnason. Farið er í 4.kafla „Vegurinn og umhverfi hans“ og 5. kafla „Í umferðinni“. Farið er yfir umferðarmerki og lauslega í umferðarlög. Horft er á stutt kennslumyndbönd og unnin verkefni. 34 Valbók 2020-2021 Lágafellsskóli Kennsluhættir: Reynt er að gera námið áhugavert og skemmtilegt með krefjandi verkefnum og stuttum myndbrotum úr umferðinni sem fundin eru á netinu er varða kennsluefnið í bland við alvarleikann sem að baki þessu námi býr. Fulltrúi frá einu tryggingafélagi kemur í heimsókn og talar við nemendur.

Námsmat: Ástundun og vinnusemi er metin þannig að nemendur fá lokið/ólókið fyrir áfangann

Franska fyrir byrjendur – 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemendur læri ákveðinn orðaforða í frönsku og geti beitt honum til að mynda og skilja einfaldar setningar.

Að nemendur skynji hrynjandi málsins og geti tileinkað sér framburð þess.

Að nemendur læri tiltekin málfræðiatríði í ritun og geti skrifað einfaldar setningar á frönsku.

Efnispættir: Farið í algengan orðaforða, t.d. í sambandi við eftirfarandi: Að kynna sig, heilsa og kveðja. Þjóðerni, starfsheiti, stafrófið, tölur, vikudagar, mánuðir, árstíðir og klukkan.

Lesbók: A Propos og ljósritað vinnuhefti

Námsmat: Leiðsagnarmat, verkefni og kannanir.

Heimspeki– 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri forspjall heimspekinnar og velti fyrir sér því hvað er að hugsa.

Námspættir: Nemendur vinna mikið saman við að svara spurningum sem leita á vel flestra hugsandi menn og konur. Þetta eru spurningarnar um sjálfan sig, aðrar verur og heiminn í heild sinni. Heimspeki snýst fyrst og fremst um það að hugsa og kynnast hugsuninni á fjölbreyttan máta. Nemendur glíma einnig við siðferðileg álitamál. Áfanginn tekur einnig tillit til áhugasviða nemenda.

Námsmat: Frammistaða nemenda er metin jafnt á meðan námskeiðið varir. Notaður verður matslisti þar sem merkt er við þætti eins og framkomu, iðni, áhuga, þrautseigju. Gefin er umsögn í lok tímabils og er matinu fyrst og fremst ætlað að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur.

Íslenskt táknmál – 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: að nemendur öðlist hæfni til að slaka á og ná innra jafnvægi.

Námskeiðslýsing: Í þessum valáfanga læra nemendur undirstöðuatriði íslensks táknmáls. Nemendur vinna í hópum og fá ýmis verkefni sem byggjast upp á samskiptum. Nemendur læra einnig málfræði íslensks táknmáls og kynnast menningu og sögu táknmálssamfélagsins.

Hæfniviðmið: Nemandi skal að námskeiði loknu hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- því hvað íslenskt táknmál er
- málfræði íslensks táknmáls
- helstu samskiptareglum á táknmáli
- sögu og menningu táknmálstalandi fólks

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á íslensku táknmáli
- skilja og taka þátt í einföldum samræðum á íslensku táknmáli
- nota helstu reglur í málfræði íslensks táknmáls

Námsmat: Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni og þátttaka er metin til einkunnar.

Sálfræði– 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur kynnist grunnlögmálum hegðunar og hvernig þessi lögmál stjórna hegðun okkar.

Efnis- og námsþættir: kennd verða grunnlögmál hegðunar og tekin verða dæmi úr daglegu lífi til að varpa ljósi á hvernig hægt er að nýta þau. Farið verður um víðan völl og þroskasálfræðin tekin með í reikninginn. Rætt verður um hvers vegna sumir eru frekir við foreldra sína, af hverju margir forðast aðstæður sem kalla fram óþægilegar hugsanir og geðshræringar. Rætt verður hvernig við getum stuðlað að góðum samskiptum og aukið nánd í samböndum við fólk. Frægar tilraunir sálfræðinnar verða einnig skoðaðar.

Kynjafræði og mannréttindi – 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Markmið: Að nemendur læri um kynjafræði og mannréttindi og skoði ýmis mál í ljósi þessara fræða.

Efnis- og námsþættir: Af hverju eru karlar með hærri laun en konur? Af hverju eru fleiri konur kennarar en karlar? Er munur á konum og körlum? Fáum við skilaboð og þá hvaðan um það hvernig við eigum að vera? Hvernig er talað um nýbúa? Skiptir máli hvernar trúar þeir eru eða frá hvaða landi þeir koma? Hvað eru fordómar?

Nemendur geri rannsóknir á dagblöðum nú og í gamla daga, skoði námsbækur nýjar og gamlar, skoði barnabækur, taki viðtöl við tvær kynslóðir og bæði kynin um valið álitafni. Nemendur velta fyrir sér hvaðan hugmyndir okkar um stelpur og stráka, karla og konur, fatlaða, nýbúa ofl. koma og hvort hægt sé að breyta þeim.

Snóker– 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir

Kennslutími: Kennt verður sídegis einu sinni í viku í Faxafeni 12, nemendur fá strætómiða í skólanum.

Markmið: Að ná færni í Snóker, efla einbeinginu, hugarreikning og skynjun á eðlisfræði íþróttarinnar.

Efnisþættir: Kennd verða grunnatriði í meðhöndlun kjuðans, staða við borðið, reglur í snóker, leikni við stjórn á hvítu kúlunni, uppbygging á skori og þær ströngu siðareglur sem iðka skal við íþróttina.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum, lokið/ólókið.

Listnám – Borgarholtsskóli – 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir – kennt í Borgarholtsskóla

Kennslutími: Haust – eða vorönn

Kennarar við listnámsbraut Borgarholtsskóla bjóða uppá spennandi áfanga fyrir nemendur í 10. bekk í vetur.

Nemendur fá kynningu á þremur kjörsviðum sem listnámsbrautar skólans og tækifæri til að reyna sig við listgreinarnar undir leiðsögn fagfólks. Hver listgrein verður kennd í tveimur lotum og lotur hvers sviðs kenndar til skiptis. Kennt verður í Borgarholtsskóla tvær klst á viku bæði á haustönn 2020 og á vorönn 2021.

Grafísk hönnun

Í grafíska hlutanum kynnast nemendur teikningu, lita- og formfræði og tengingu sjónlista við grafíska hönnun. Nemendur fá einnig grunn í hreyfimyndagerð og þjálfun í stafrænni vinnslu. Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og leikni með framsetningu myndmáls og hæfni bæði til að beita myndmáli og skilja mikilvægi og samhengi þessi í nútíma

Leiklist

Með leikgleði, samvinnu og skapandi hugsun að leiðarljósi munu kennarar fara yfir undirstöðuatriði leiklistar sem listgreinar. Nemendur kynnast sögu leikhússins, mismunandi aðferðarfræði þess. Nemendur gera spunaæfingar og sviðsetja stutt leikin atriði. Nemendur munu fá innsýn inn í fjölbreytt störf leikhússins og kvikmyndageirans og í leiðinni efla með sér sjálfstraust og örugga framkomu.

Innsýn í skapandi kvikmyndagerð

Bíómyndir, sjónvarpsefni, tónlistarmyndbönd, auglýsingar, fréttir og beinar útsendingar. Í áfanganum fá nemendur að kynnast mismunandi hliðum kvikmyndagerðar. Farið verður í grunnþætti við undirbúning, kvikmyndatöku og úrvinnslu auk þess sem nemendur læra að nýta tæknina til sköpunar og fá að spreyta sig á helstu tæknistörfum í myndveri. Kvikmyndagerð er í eðli sínu hópvinna og lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu til að ná sameiginlegum markmiðum.

Málsmíði– Borgarholtsskóli – 9. og 10. bekkur

Tímafjöldi: Þrjár kennslustundir

Kennslutími: Allt árið

Markmið:

Nemendum kennd notkun almennt handverkfæra. Nemendum kennd notkun algengra véla við málsmíði, s.s. suðutækja, rennibekkja og borvéla. Nemendur æfðir í meðhöndlun og formun efnis með eða án spóntöku ásamt léttum suðuæfingum. Nemendur æfðir í samsetningum á efnum, með eða án suðu.

Efnisþættir: Náminu er skipt í fjóra meginflokka en þeir eru: Blikksmíði, vélfræði, rennismíði og logsuða.

Áður en nemendur byrja að vinna að verkefnum er farið vandlega í öryggismál. Nemendum er kynntur vinnustaðurinn og það að umgangast vélar, verkfæri og umhverfi þannig að ekki stafi hættu. Nemendur fá afhent námsefni frá kennara um öryggismál, sýndar glærur og myndbönd um hvað ber að varast við logsuðu. Þessum þætti námsins lýkur síðan með sérstöku prófi í öryggismálum þar sem nemandi þarf að sýna fram á að hann sé ekki sjálfum sér né öðrum hættulegur. Ef útkoma prófsins er í lagi getur nemandi byrjað að vinna að verkefnum. Þegar nemendur hafa lokið skylduverkefnum þá smíða þeir hlut að eigin vali.

Ef nemendur koma síðar í frekar nám fá þeir 2 einingar metnar inn í sinn námsferil.

Efnisgjald er áætlað 3000 krónur á önn. Kennslan fer fram í Borgarholtsskóla, nemendur koma sér sjálfir á staðinn, geta fengið strætómiða hjá skólanum.

Kennari: Kennarar frá Borgarholtsskóla, einn kennari fyrir hvern þátt námsins.

Valgreinar í 8. – 10. bekk

skólaárið 2020 - 2021

Almennar upplýsingar:

- Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.
- Nemendur verða að reikna með heimaverkefnum og kröfum um verkefnaskil í valgreinum. Í sumum valgreinum eru lokapróf.
- Áhersla er lögð á að nemendur velji valgreinar í samráði við foreldra.
- Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra valgreina sem þeir kunna að velja. Því er mælt með að nemendur afli sér sem besta upplýsinga um valgreinar og ræði við umsjónarkennara og/eða skólustjórnendur ef einhverjar spurningar vakna.
- Hver valgrein er kennd hálf ár í senn (málmsmíði allt árið) og hver nemandi í 9. og 10. bekk er í þremur mismunandi valfögum fyrir og eftir áramót, samtals í sex valfögum á skólaárinu. Hver kennslutími er 2 x 40 mínútur (heimilisfræði og málmsmíði 3 x40).
- Nemendur í 8. bekk velja sér tvær valgrein fyrir jól og tvær eftir jól.
- Munið að hver og einn nemandi velur sér þá leið í valgreinum sem hann telur henta sér best. Varist því að velja með það í huga að gera eins og besti vinurinn eða vinkonan.

Tómstundaval metið:

Úr grunnskólalögum reglugerð 16.2: *Skólastjóra grunnskóla er heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám, sem stundað er utan grunnskóla, sem jafngildi grunnskólanáms..... og nám við tónlistarskóla, aðra listaskóla eða málaskóla. Einnig er heimilt að meta þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám í valgreinum á unglingsstigi.*

Í Dalskóla geta nemendur í 9. og 10. bekk óskað eftir að fá tómstundaval metið sem samsvarar tveimur eða fjórum stundum á viku í valnámskeiðum eftir umfangi þess náms sem fram fer utan skóla.

Undir tómstundaval falla skipulagðar íþróttæfingar með menntuðum þjálfara og tónlistarnám í tónlistarskóla eða skólalúðrasveit. Ósk þessa efnis þarf að koma fram þegar valið er.

Dæmi:

- Ef nemandi er í 100% gítarnámi getur hann óskað eftir því að fá tvær stundir metnar
- Ef nemandi æfir badminton 2x í viku eða meira hjá þjálfara í íþróttafélagi eða oftast getur hann óskað eftir því að fá tvær stundir metnar eða eina valgrein.
- Ef nemandi æfir tvær íþróttagreinar handbolta og fótbolta getur hann óskað eftir því að fá fjórar stundir metnar.
- Ef nemandi t.d. stundar fimleika og er í píanónámi getur hann óskað eftir því að fá fjórar stundir metnar.

Staðfesting á námi og íþróttaiðkun frá kennara/þjálfara/ utan skóla þarf að berast fyrstu skólavíkuna að hausti.

Mikilvægt er að muna að ekki er hægt að gera breytingar á vali eftir að skóla lýkur í júní